

Erindi Þorsteins V. Einarssonar dags. 13. febrúar 2020 til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vegna gatnamóta Háagerðis og Sogavegar.

Hæ Reykjavíkurborg (cc formaður íbúaráðs og formaður skipulags- og samgönguráðs) - vinsamlega komið áfram til þess sem tekur við ábendingum af vefnum.

Ég óska eftir rökstuðningi með ákvörðun um að bregðast ekki við ábendingum um gatnamótin Háagerði/Sogavegur. Nú tel ég mig vita að marg oft hefur verið send ábending um hve hættuleg gatnamótin eru en engin viðbrögð frá borginni.

Vandinn (eins og ég upplifi):

- A) Bílar keyra of hratt. Engar þrengingar né hindranir á löngum kafla. Hætta fyrir gangandi og bíla sem koma frá Háagerði.
- B) Bílum lagt meðfram Sogavegi sem hindrar sýn ökumanna til vesturs frá Háagerði.
- C) Gangangi eru í hættu m.a. þau sem ætla sér að taka strætó vestur, því engin gangbraut eða hindrun er á bílaumferð. Það þarf bara að taka sjénsinn og láta sig goss yfir, eða leggja stóra lykkju á leið sína til að fara yfir Sogaveginna nálægt Háagerðinu til að taka strætó.

Á meðan ég bíð eftir rökstuðningi á ákvörðun með (skorti á) viðbrögðum borgarinnar, óska ég eftir að settur verði í það minnsta upp spegill á ljósastaur svo akandi úr Háagerði á Sogaveg geti þó allavega séð bílana koma úr vesturátt án þess að þurfa að þvera hálfan veginn.

Með von um skjótari og meiri viðbrögð en við fyrri erindum mínum (fyrsta barst haustið 2018, minnir mig).

Kveðja,

Þorsteinn V.
thorsteinnv@gmail.com

Begin forwarded message:

From: no-reply@reykjavik.is
Date: 22 August 2019 at 09:59:25 GMT
To: thorsteinnv@gmail.com
Subject: Svar vegna ábendingar

Takk aftur fyrir að senda ábendinguna Háagerði/Sogavegur til Reykjavíkurborgar.

Henni hefur nú verið lokað á eftirfarandi hátt:

Sæll Þorsteinn,

Takk kærlega fyrir ábendinguna, við munum taka hana til umræðu.

M.b.k.

Bjarni Rúnar, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Ábendingin sem þú sendir:

Háagerði/Sogavegur

Gatnamótin við Háagerði og Sogaveg, það er að segja þegar keyrt er út úr Háagerði inn á Sogaveg, eru afskaplega hættuleg.

Bæði keyra bílar allt of hratt miðað við aðstæður og tilætluð hraðamörk. Einnig er ekki hægt að sjá bílana koma nema keyra út á miðja akrein.

Einfaldasta lausnin, til að draga úr hættunni, er sennilega að setja upp spegil á staur - til þess hreinlega að hægt sé að sjá hvort bíll sé að koma eða ekki.

Ég tel þetta ekki mega bíða og óska því eftir viðbrögðum sem fyrst. Mér finnst alltaf mjög óþægilegt að keyra út úr götunni minni (Háagerði) með börnin mín í bílnum.

Kv.

Þorsteinn V.